

Malbikstöðin ehf.
Baldur Þór Halldórsson
Flugumýri 26
270 Mosfellsbær

Reykjavík, 10. ágúst 2020
UST202004-057/gf
08.08.02

Varðar reglubundið eftirlit 2020 – Malbikstöðin ehf. - Esjumelum

Þann 25.6.2020 sl. fór fram eftirlit í Malbikstöðinni ehf., Koparsléttu 6–8, 116 Reykjavík.

Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávík komu fram við eftirlit en sjö ábendingar voru settar fram (sjá meðfylgjandi eftirlitsskýrslu).

Virðingarfyllst,



Gottskálf Friðgeirsson



Halla Einarsson
Halla Einarssdóttir
teymisstjóri

Afrit:
Heilbrigðisnefnd Reykjavíkursvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Malbiksstöðin Reykjavík - Esjumelar



Dags eftirlits	25.6.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Malbiksstöðin	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Koparsléttu 6 - 8	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700402-7890	Flokkur	Malbik
Fulltrúi fyrirtækis	Baldur Þór Halldórsson	ÍSAT nr.	23.99.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust en til þess að stöðin uppfylli allar kröfur í starfsleyfinu þarf að ljúka ákveðnum frágangi og eru sjö ábendingar gerðar í þeim tilgangi.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit í Malbikstöðina ehf. og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Kröfur í starfsleyfi
2. Áhættumat Umhverfisstofnunar til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
3. Skráning olúgeyma og kröfur í rg. nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.
4. Skoðun á búnaði og lóð

Eftirlitið hófst á fundi í húsakynnum Malbikstöðvarinnar ehf. við Koparsléttu 6-8 í Reykjavík. Farið var í skoðunarferð um stöðina að fundi loknum. Starfsleyfið veitir rekstraraðila heimild til að framleiða allt að 160 t/klst. af malbiki, auk þess að reka tengda starfsemi og þjónustu, endurvinna malbik og framleiða bikþeytu.

Á fundinum voru Baldur Þór Halldórsson framkvæmdastjóri Malbikstöðvarinnar ehf. og Gottskálk Friðgeirsson frá Umhverfisstofnun.

1. Malbikstöðin ehf. er nýtt fyrirtæki með nýja malbikunarstöð, finnska Amomatic 160 SM með 13,9 MW brennara, og var starfsleyfið gefið út þann 3. júní sl.

Þrjár áætlánir skulu liggja fyrir, þ.e. áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun og áætlun um rekstur rykhreinsibúnaðar. Tvær hinar fyrri liggja fyrir. Rekstraraðila er bent á að koma upp kerfi (áætlun) sem heldur utan um rekstur hreinsibúnaðar í útblæstri.

Farið er fram á að í „áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar“ verði bætt kafla um úttekt á lóð við varanlega rekstrarstöðvun og mat á þörf fyrir sýnatöku af olíumenguðum jarðvegi ef hann finnst. Nota má leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðferð olíumengaðs jarðvegs.

https://www.ust.is/library/Skrar/Einstaklingar/urgangur/olimengadur_urgangur_medferd_1998.pdf

Bent er á að uppfæra viðbragðsáætlun rekstraraðila og nota ust@ust.is til þess að senda tilkynningar til Umhverfisstofnunar. Einungis er svarað í síma Umhverfisstofnunar á dagvinnutíma.

Rekstraraðila eru sett losunarmörk bæði í útblæstri og í frárennsli. Árlega skal mæla ryk, CO, NOx og PAH í útblæstri og olíu og svífagnir í frárennsli. Útstremishraða skal mæla samhliða rykmælingu. Niðurstöðum mælinga skal skila innan mánaðar frá því að mælt er. Gott væri að hafa hljóðmæling á stöðinni í fullum rekstri, sérstaklega ef kvartanir berast vegna starfseminnar. Búnaður til þess að fylgjast með því ef poki/pokar rifna skal vera á hreinsivirkinu.

Malbikstöðin ehf. er efst á Esjumelum og fer fráveita af lóðinni til norðurs og í kerfi Veitna ehf. og endar í Kollafirði. Skilyrði fyrir mengandi starfsemi (malbikunarstöð) á Esjumelum er að ofanvatn sé meðhöndla innan lóðar og þannig tryggt að Veitur ehf. geti tekið við því og leitt til sjávar. Engin hreinsun á frárennsli fer fram á vegum Veitna ehf. Rekstraraðili hefur sett upp sandfang í sambyggðri sand- og olíuskilju og eins er nú unnið í að setja upp sandfang til þess að hreinsa ofanvatn.

Olíuskilja frá Sæplasti, NS 3 skiljugerð II er í afrennsli af svæðum við olúgeyma, þar sem dæling á olíuefnum fer fram og áætlað er að stækka svæði sem tengjast niðurföllum sem fara í olíuskilju. Bent er á að olíuskiljan er gerðarprófuð hjá Teknologisk institut í Taastруп í Danmörku og í skýrslu þeirra er niðurstaðan að hún ræður við streymi upp á 3 l/s og þá eru olíuleifar undir 100 mg/l. Skiljan telst því „class 2“ eða skiljugerð II. Miðað við aftakaúrkomu í Reykjavík nær skiljan markmiðum staðalsins ÍST EN 858-1 : 2005 ef malbikuð og steipt svæði tengd niðurföllum eru ekki stækkuð of mikið. Þjónusta þarf olíuskiljuna og tæma eftir þörfum. Hæðarskynjara í olíuskilju lætur víta hvenær þarf að tæma olíuhólfíð.

Enn er frágangi á yfirborði lóðar ekki lokið og hlið fyrir aðföng geta enn færst til í lóðinni. Mikilvægt er að ljúka frágangi og hefja sópun á svæðum með bundnu yfirborði. Engar kvartanir vegna starfseminnar hafa borist.

Umhverfismarkmið rekstraraðila voru rædd og bent á að nýta þau við þjálfun starfsmanna. Mælanleg umhverfismarkmið sem allir starfsmenn þekkja eru líklegri til árangurs í umhverfismálum.

Rekstraraðila var bent á að senda Umhverfisstofnun afrit að skírteini fyrir bráðamengunartryggingu. Í grein 2.3 í starfsleyfinu kemur fram að aðgangur skal bannaður fyrir óviðkomandi. Því er mikilvægt að setja upp skilti þar um og eins hefur myndavélakerfi sem áskilið er í grein 4.3 í starfsleyfi fælandi áhrif.

2. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits en skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun að ákvarða tíðni eftirlitsferða út frá umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi. Malbikstöðin ehf. er nýr rekstraraðili og áætlað er að koma árlega í eftirlit þar til reynsla er komin á þá þætti sem metnir eru til áhættu. Áhættumat er endurskoðað árlega meðfram eftirliti.

3. Í 5. gr. reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi er fjallað um eftirlitskyldu Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda varðandi eldsneytisgeyma og flutning olíu. Í samræmi við þær skyldur er sameiginlegt áhersluverkefni Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlitssvæðanna að skrá neyslu-, húsa-, bryggju- og lausageyma í samræmi við ákvæði reglugerðarinnar. Eyðublaðið; 2020 Gagnasöfnun fyrir olíugeyma var afhent í eftirliti og óskað eftir að olíugeymar sem rekstraraðili notar í starfsemi sinni yrðu skráðir og útfylltu eyðublaði komið til Umhverfisstofnunar við fyrsta hentugleika.

4. Farið var í skoðunarferð. Skoðuð var köld innmötun á fræstu malbiki og annar búnaður stöðvarinnar. Stöðin er ný og öllu vel fyrir komið. Frágangi á lóð er ólokið og mikilvægt að það klárast sem fyrst. Framleiðsla malbiks er hafin í stöðinni.


ÁBENDINGAR

1. Rekstraraðili þarf að ljúka gerð áætlunar um rekstur hreinsibúnaðar í útblæstri.
2. Rekstraraðila er bent á að bæta inn í áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar kafla um úttekt á lóð og mat á þörf fyrir sýnatöku af menguðum jarðvegi.
3. Rekstraraðila er bent á að olíuskilja (NS 3)er gerðarprófuð og þolir ákveðið hámarksrennsli (3 l/s) og aftakaúrkoma í Reykjavík er 57 l/s/ha.
4. Rekstraraðila er bent á að ljúka þarf frágangi útisvæða hefja sópun á svæðum með bundnu yfirborði.
5. Rekstraraðila er bent á að merkja vinnusvæðið (óviðkomandi bannaður aðgangur) og krafa er um myndavélakerfi.
6. Rekstraraðila er bent á að senda Umhverfisstofnun afrit af skírteini fyrir bráðamengunartryggingu.
7. Rekstraraðila er bent á að senda Umhverfisstofnun útfyllt eyðublað um olíugeyma í notkun á starfssvæðinu; 2020 gagnasöfnun fyrir olíugeyma.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 10.08.2020



Gottskálk Friðgeirsson